

Garðabær

Rðahús Garðabæjar

Garðatorgi 7, 210 Garðabær

Netfang: gardabaer@gardabaer.is



Reykjavík, 11. mars 2020

Myndstefi hefur borist fyrirspurn frá höfundinum Stefáni Geir Karlssyni vegna meints brot á sæmdarrétti hans. Af gögnum málsins verður ráðið að listaverk höfundar, Dómaraflautan, er vígt var á íþróttasvæði Bessastaðahrepps árið 1995-1996, hafi í einhvern tíma ekki verið viðhaldið, og virðist það að lokum hafa verið fjarlægt, án nokkurrar tilkynningar eða ráðstafana vegna höfundaréttar höfundar. Ofangreind háttsemi, sem og önnur gögn málsins, bera þess merki að sæmdarréttur höfundar hafi verið brotinn með atferlinu.

Dómaraflautan var lánuð til skipuleggjenda heimsmeistaramóts karla í handknattleik sem haldið var í Laugardalshöll árið 1995. Verkinu var upphaflega komið fyrir á skygginu fyrir ofan aðalinngang Laugardalshallar sem eins konar táknmynd mótsins. Bessastaðahreppur keypti svo verkið ári seinna, og var oddviti sveitarstjórnar Guðmundur Gunnarsson og sveitarstjóri Gunnar Valur Gíslason.

Samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972, einkum 3. gr., sbr. 2. gr. þeirra laga, hefur höfundur einkarétt til notkunar verka sinna og eftir atvikum rétt til sanngjarnrar þóknunar vegna notanna. Lögin kveða einnig á um annars konar rétt höfunda og rétthafa, svokallaðan sæmdarrétt, sem kveður á um skyldu til að geta nafns höfundar þegar verndað myndverk er birt og jafnframt **er óheimilt að breyta verkinu eða misfara með það á einhvern hátt**. Förgun verks, eða ef verkinu er breytt, fært eða það fjarlægt, getur falið í sér brot á sæmdarrétti höfundar. Um þetta gilda almennar reglur í höfundalögum, sbr. einkum 4.gr. laga nr. 73/1972. Vakin er athygli á að þessi réttindi höfunda eru óframseljanleg.

Samkvæmt umboði er Myndstef heimilt að leita úrræða til fullnustu réttar höfundar, koma í veg fyrir brot á rétti hans, innheimta þóknun vegna notanna og úthluta þeirri þóknun. Gjaldskrá Myndstefs skal lögð til grundvallar sjá <http://myndstef.is/islenska/gjaldskra/>.

Við beinum því til ábyrgðaraðila að hafa samband við Myndstef innan 7 daga frá dagsetningu þessa tölvupósts, gefa upplýsingar um málið, hvort leyfi hafi verið fyrir því að fjarlægja verkið eða aðrar forsendur sem liggja að baki. Að auki beinum við því til ábyrgðaraðila að koma fram með upplýsingar um ástand verksins og hvar það sé niðurkomið. Óskað er eftir slíkum upplýsingum skriflega, annað hvort með bréfpósti (sjá heimilisfang hér að neðan) eða með tölvupósti á myndstef@myndstef.is.

Ef ábyrgðaraðili verður ekki við ofangeindum tilmælum, getur Myndstef áskilið sér rétt til að gefa út reikning og beitt þeim vanefndarúrræðum sem höfundalög greina, eða þeim refsíákvæðum sem við eiga, sbr. einkum 54. gr. þeirra laga.

Allar nánari upplýsingar um höfundarétt myndhöfunda og verkreglur vegna endurbirtingar og leyfisleitunar má finna á heimasíðu Myndstefs, www.myndstef.is. Einnig er skrifstofan opin frá kl. 10.00 - 14.00 alla virka daga, en sími skrifstofu er 562 7711. Tölvupóstfang er myndstef@myndstef.is

**Virðingarfyllst,
Myndstef**